

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Skýrsla stjórnar Jörfi á aðalfundi 23. febrúar 1993.

SKIPAN STJÓRNAR OG NEFNDA

Síðasti aðalfundur Jökларannsóknafélags Íslands var haldinn 25. febrúar 1992. Fundarstjóri var Hjálmar R. Bárðarson og Guttormur Sigbjarnarson ritari. Við upphaf þessa aðalfundar var Stefán Bjarnason kosinn heiðursfélagi Jökларannsóknafélags Íslands fyrir ómetanleg störf í þágu félagsins allt frá fyrstu árum þess.

Á fyrsta stjórnarfundinum eftir aðalfund, 2. mars, skipti stjórn með sér verkum og dregið var um röð manna í vara-stjórn. Stjórnin var þannig skipuð:

Aðalstjórn:

Helgi Björnsson formaður,
kosinn 1992 til þriggja ára.
Sveinbjörn Björnsson varaformaður,
kosinn 1991 til tveggja ára.
Oddur Sigurðsson ritari,
kosinn 1991 til tveggja ára.
Jón E. Ísdal gjaldkeri,
kosinn 1992 til tveggja ára.
Stefán Bjarnason meðstjórnandi,
kosinn 1992 til tveggja ára.

Varastjórn:

Einar Gunnlaugsson 1. varamaður,
kosinn 1991 til tveggja ára.
Hannes H. Haraldsson 2. varamaður,
kosinn 1992 til tveggja ára.
Jón Sveinsson 3. varamaður,
kosinn 1991 til tveggja ára og
Ástvaldur Guðmundsson 4. varamaður,
kosinn 1992 til tveggja ára.

Valnefnd var kosin á aðalfundi og var hún þannig skipuð: Gunnar Guðmundsson, kjörinn til þriggja ára, Sigurjón Rist, til eins árs og Sveinbjörn Björnsson til tveggja ára.

Oddur Sigurðsson, ritari félagsins, hafði umsjón með fundagerðum og fréttabréfi, en Einar Gunnlaugsson sá um félagaskrá, dreifingu Jökuls innanlands, giróseðla og samstarf um slík mál við gjaldkera.

Stjórn félagsins kaus formenn hinna ýmsu nefnda og völdu þeir sér nefndarmenn. Nefndir voru þannig skipaðar:

Rannsóknanefnd: Helgi Björnsson formaður og Jón Sveinsson Raunvísindastofnun, Hannes H. Haraldsson Landsvirkjun, Oddur Sigurðsson Orkustofnun og Magnús Már Magnússon Veðurstofu.

Ritnefnd: Helgi Björnsson og Bryndís Brandsdóttir tilnefnd af Jörfi og Leó Kristjánsson, Karl Grönvold og Kristján Sæmundsson tilnefndir af Jarðfræðafélagi.

Skálanefnd: Stefán Bjarnason formaður, Alexander Ingimarsson, Ástvaldur Guðmundsson, Guðlaugur Þórðarson, Jón E. Ísdal og Sverrir Hilmarsson.

Bílanefnd: Halldór Gíslason yngri formaður, Árni Páll Árnason, Garðar Briem, Haflíði Bárður Harðarson og Þorsteinn Jónsson.

Ferðanefnd: Ástvaldur Guðmundsson formaður, Halldór Gíslason yngri, Hannes H. Haraldsson og Soffía Vernharðsdóttir.

Skemmtinefnd: Um störf skemmtinefndar sáu Ástvaldur Guðmundsson og Halldór Gíslason, yngri.

Endurskoðendur félagsins voru Elías B. Elíasson og Árni Kjartansson.

Hinn 1. febrúar 1993 voru félagar skráðir 542, 14 heiðursfélagar, 434 almennir félagar, 13 fjölskyldufélagar, 46 stofnanir og 35 bréfafélagar. Auk þess fengu 6 fjölmiðlar sendann Jökul og fréttabréfið.

FJÁRVEITING

Fjárveiting til félagsins á fjárlögum var 450.000 kr., en ekki var tilgreint hvernig hún skyldi skiptast milli rannsókna og útgáfu Jökuls. Var það 40.000 kr. hækkun frá fyrra ári, en það ár hafði hún staðið í stað.

RANNSÓKNIR

Rannsóknir á vegum félagsins s.l. ár beindust eins og undanfarin ár að Grímsvötnum og mælingum á jöklabreytingum.

VORFERÐ JÖRFI

Árleg rannsóknferð félagsins var farin til Grímsvatna dagana 13.-21. júní. Þátttakendur voru 26. Ferðanefnd, undir formennsku Ástvalds Guðmundssonar sá að mestu um undirbúning ferðarinnar. Fararstjóri var Helgi Björnsson en Þóra Karlsdóttir og Ingibjörg Árnadóttir höfðu stjórn á matseld. Landsvirkjun lagði að vanda til snjóþfl og bíl-stjóra, en einnig landmælingamann. Norræna Eldfjallastöðin lánaði GPS-landmælingatæki til leiðangursins. Félagar bílanefndarformanns fluttu fólk til og frá jökli. Árangur af rannsóknum var góður, félagsandinn ágætur og veður misjafnt; hressilega hvasst í þrjá daga og einn daginn ekkert unnið úti, en margir stórsigrar unnir í bridge. Unnið var að eftirtöldum verkefnum:

1. Hæð vatnsborðs Grímsvatna var mæld í vök undir Vestari Svíahnúk. Hinn 17. júní 1992 mældist hún 1389 m y.s., sem er um 60 m lægra en í fyrra. Í hlaupinu haustið 1991 féll vatnsborðið um nálægt 80 m og hafði því risið um 20 m frá því hlaupi lauk 30. október.
2. Landmælt var 10 km langt snið norðaustur úr Vötnunum til þess að fá mat á ísskrið inn að þeim. Hæð og hreyfing ísstíflunnar austan við þau var einnig mæld.
3. Vetrarafkoma var mæld á miðri íshellunni og reyndist 5.12 m (af snjó), sem er nærri meðallagi.
4. Unnið var að umfangsmiklum mælingum á staðsetningu mælistika á vestanverðum Vatnajökli með nákvæmum GPS-tækjum til þess að finna hæð og hreyfingu jökulsins. Hér er um að ræða gerbreytingu á landmælingum á jökli, þar sem unnt er að vinna þær nær hvernig sem viðrær.
5. Samhliða GPS-landmælingum voru gerðar þyngdamælingar til þess að kanna jarðlög undir vestanverðum Vatnajökli.
6. Mæld var nákvæmlega staðsetning fastpunkta á Hamrinum og Grímsfjalli (Saltaranum) með GPS-landmælingatækjum í þeim tilgangi að fylgjast með hreyfingum jarðskorpu vegna landreks og eldvirkni. Er þetta fyrstu mælingar í þeim tilgangi inni á jöklinum.
7. Unnið var að íssjarmælingum til þess að kanna hvar íshellan á Grímsvötnum fer á flot.
8. Borið var á báða skálana, þeir þrífir og unnið að viðhaldi. Fjarlægðar voru tómar tunnur og annað rusl af Grímsfjalli og flutt til bygða.
9. Gufubað var sett upp við Saltarann og við borholu austan við nýja skálann.

MÆLINGAR Á JÖKULSPORÐUM OG FRAMHLAUP JÖKLA.

Mælingar á stöðu jökulsporða voru með svipuðu sniði og áður undir stjórn Odds Sigurðssonar. Framhlaup Skeiðarárjökuls stóð fram á árið 1992 og um sumarið var mikill gangur í jöklinum milli Þórðarhymu og Háubungu. Snemma árs varð vart við framhlaup í Þjórsárjökli, um 200-300 m, og einnig í sunnanverðum Köldukvíslarjökli, en snemma um haustið hljóp Múlajökull.

RANNSÓKNASTÖÐIN Á GRÍMSFJALLI.

Sendingar gagna frá gagnasöfnunarstöð á Grímsfjalli gengu vel fram á haust en einhver bilun varð í stöðinni þegar mjög djúp lægð fór yfir landið 23. nóvember s.l., svo að frá þeim tíma vantar gögn.

KÖNNUN Á AFKOMU OG HREYFINGU Á VATNAJÖKLI.

Síðastliðið sumar unnu jöklafélagar á Raunvísindastofnun og Landsvirkjun að mælingum á afkomu og hreyfingu á Síðujökli, Tungnaárjökli, Köldukvíslarjökli og Dyngjujökli, auk Grímsvatnasvæðisins. Afkoma var mæld með borunum og hreyfing með GPS-tækjum. Af niðurstöðum má nefna að vestan í Háubungu, í 1600 m hæð, jafngilti afkoma í lok jökulárs 5700 mm af vatni, en 3500 mm í 1950 m hæð á Bárðarbungu. Hér var um að ræða heildarúrkomu á árinu vegna þess að ekkert leysingarvatn náði að renna frá jöklinum, heldur sat öll úrkoman eftir á honum. Frost var enn í botni holunnar á Bárðarbungu í lok sumars! Í Grímsvötnum var afkoman 2100 mm en í vorferð Jöklarannsóknafélagsins í júní var vertarsnjórinn 2800 mm. Niðurstöður mælinga á hreyfingu voru einnig mjög athyglisverðar. Undanfarin ár hafa jöklarnir ekki hreyfst gagnilega hratt til þess að bera fram afkomu sem á þá hefur snafnast. Því hafa þeir orðið stöðugt brattari og stefnt í framhlaup. Sumarið 1992 hafði hreyfing Tungnaárjökuls og Síðujökuls hins vegar aukist verulega og á næstu mánuðum mun fylgst náið með því hvort framhlaup er að hefjast. Sporður Tungnaárjökuls var um haustið enn flatur og ekki farinn að skríða fram, en stóð þó um 30 m framar en haustið 1991.

AFKOMA HOF SJÖKULS.

Samkvæmt mælingum féлага á Orkustofnun jafngilti jákvæð afkoma Hofsjökuls í lok jökulárs s.l. haust því að bæst hefði einn metri af vatni að jafnaði ofan á allan jökulinn. Efst á Hofsjökli urðu eftir 10 m þykkar snjófyrmingar og hafði leysingarvatn aðeins náð að hripa niður á 8 metra dýpi. Þar mældist því öll úrsúrkoman, 5500 mm (frá 11.09. 1991 til 21.09. 1992).

FUNDIR

Að loknum aðalfundarstörfum 25. febrúar sagði Jörundur Guðmundsson frá skíðagönguferð um Örefajökul og Vatnajökul og sýndi myndir. Vorfundur félagsins var síðan haldinn 28. apríl. Þar hélt Björgvin Richardsson erindi um áhrif ofkælingar á mannlíkamann og að loknu kaffihléi sýndi hann myndband af framhlaupi Köldukvíslarjökuls.

Á haustfundi 27. október flutti Helgi Björnsson fyrirlestur um niðurstöður nýlegra rannsókna á Breiðamerkurjökli, sem unnar voru af Raunvísindastofnun, Vegagerð og Landsvirkjun í þeim tilgangi að fá fram kort af yfirborði og botni jökulsins svo að fram kæmi landslag undir honum og rennslisleiðir íss og vatns niður að jökulsporði og jökulánum á Breiðamerkursandi. Af niðurstöðum vakti sérstaklega athygli að undir austasta hluta Breiðamerkurjökuls, upp af Jökulsárlóni, er land undir sjávarmáli í um 20 km langri rennu, 2-5 km breiðri. Á miðjum jöklinum, milli randanna frá Esjufjöllum og Mávabyggðum, er landhæð yfir sjávarmáli, en undir vesturhluta jökulsins skerast þröngir dalir inn að rótum Örefajökuls. Á haustfundinum sýndu Vilhjálmur Freyr Jónsson og Magnús Björnsson myndir frá vetrarferðum á jeppum um hálendið og jökla.

ÚTGÁFA JÖKULS

Ritstjórar voru Helgi Björnsson og Leó Kristjánsson, en Bryndís Brandsdóttir hafði umsjón með samantekt á íslensku efni. Umbrot á 41. og 42. árgangi Jökuls fer fram við Háskólaforlagið og hefur gengið afar hægt. Frá 14. júní 1993 leggst virðisaukaskattur að fullu á Jökul, eins og aðrar bækur og tímarit. Fram að því fæst skatturinn endurgreiddur og því verða bæði heftin að koma út á vormánuðum.

FRÉTTABRÉF

Oddur Sigurðsson, ritari félagsins, annaðist útgáfu Fréttabréfsins og kom það reglulega út.

MYNDASAFN INGÓLFS ÍSÓLFSSONAR

Á árinu bauðst félaginu að kaupa jöklamyndir Ingólfs Ísólfssonar, sem var kunnur ferðamaður og ljósmyndari. Um er að ræða filmur og pappírsm myndir, sem teknar voru á ýmsum jökulum sunnanlands frá því um 1930 fram undir 1970 og ná þær því yfir allt tímabilið þegar jökla horfuðu hraðast á þessari öld. Myndirnar eru mikilvæg viðbót við myndasafn félagsins, sem nú er stefnt að því að flokka.

SKÁLAMÁL

Skálanefnd vann á árinu mikið verk að viðhaldi skála. Borið var utan á skálann í Kirkjubóli og hann lakkaður að innan og sett plexigler í gluggahlera. Ástand hans er mjög gott. Í vorferð var gerð tilraun til þess að bera á Kverkfjallaskálann, en vegna veðurs tókst eingöngu að bera á listana. Stefnt er að því að setja slitsterkt efni á gólf vegna þess hve mikill leir berst þar inn, smíða stærri pall við innganginn og setja plexigler í gluggahlera. Borið var á skálann á Goðahnúkum. Nú er skálinn í mjög góðu lagi og ekki er þar vottur af raka eða fúkkalykt, þótt sum árin taki seint af honum snjó. Esjufjallaskálinn er í góðu ástandi og borið var á hann að utan. Breiðárskálann þarf að mála og ákveða hvort hann verður endurnýjaður. Á Grímsfjalli voru skálarnir fúavarðir í vorferðinni og dyttað var að ýmsu innanhúss. Nú er stefnt að því að hefjast handa við að reisa geymslu á Fjallinu og koma þar einnig upp salerni. Miklar endurbætur hafa verið gerðar á gamla skálanum í Jökulheimum. Öll klæðning ásamt innréttingu var fjarlægð og skálinn síðan einangraður með steinull og klæddur að innan með grenikrossviði. Nýtt gólf var lagt og lakkað og að utan var öll klæðning negld upp og þétt eftir föngum. Í nýja skálanum var öll klæðning í lofti og veggjum forstofu fjarlægð og hún síðan einangruð með steinull og klædd á ný með grenikrossviði, sem á var borið fúavarnarefni. Gluggar í skálanum voru lakkaðir og fúavörn borin á pallinn. Sprungur í skorsteini utan húss voru þéttar og síðan límdar á hann steinflögur líkt og gert hafði verið inni í skálanum. Þá er hefur verið unnið að hönnun á nýrri eldhúsinnréttingu í nýja skálann. Nokkrar umræður hafa verið um þörf á nýrri bláskemmu í Jökulheimum.

HÚSNÆÐISMÁL Í REYKJAVÍK

Húsnæðismál félagsins í Reykjavík eru nú komin í gott lag með samningi við Ferðafélag Íslands, undirrituðum 10. mars s.l. til ársloka 1994, um leigu á fundarherbergi og geymslu í Mörkinni 6 hér í Reykjavík. Geymslan í kjallara er 25 m² og þar eru nú birgðir okkar af Jökli og ýmis gömul skjöl félagsins, svo sem ljósmyndir, gömul frímerki sem stimpluð voru í Grímsvötnum og frumgögn um sporðamælingar. Í risi er fundarherbergið, sem við nýtum ásamt Íslenska alpaklúbbnum og Ferðaklúbbnum 4x4. Auk þess höfum við aðgang að 60 manna sal með eldhúsi í risi hússins. Með þessu húsnæði getum við aukið félagsstarfið, hist hálfmánaðarlega yfir vetrarmánuðina og rétt þar fyrirhugaðar jöklaferðir, sýnt myndir úr ferðum, grúskað saman í gömlum skjölum og ljósmyndum af jöklu. Alexander Ingimarsson er fulltrúi félagsins í húsnæfnd.

BÍLAMÁL OG FARARTÆKI

Bílanefnd telur æskilegt að félagið eignist nýtt farartæki til jöklaferða, auk Bombans. Bendir nefndin á að torfærujeppi hefði ýmsa kosti, þar sem slíkur bíll gæti nýst bæði til flutninga að jökulrönd og á jökli. Þessi mál eru nú mikið rædd í stjórn og nefndum félagsins því að þau tengjast fyrirhuguðum verkefnum félagsins í rannsóknnum, útgáfumálum, viðhaldi skála og nýbyggingum. Auknum bílakosti fylgir þörf á bílageymslu í Reykjavík, jafnvel í Jökulheimum, ef snjóbíll yrði keyptur.

HAUSTFERÐ

Haustferðin í Jökulheima var farin 11.-13. september og tókst vel að vanda. Fararstjóri var Stefán Bjarnason.

ÁRSHÁTÍÐ

Árshátíð var haldin laugardag 30. október í Skíðaskálanum í Hveradölum og tókst hún ágætlega. Stjórnin þakkar þeim sem unnu að undirbúningi mjög vel unnin störf.

GJÖRFI

Skíðagöngufélagar í GJÖRFI fóru sínar venjulegu heilsubóttagönguferðir frá Nesti í Ártúnsbrekku.

FYRIRHUGAÐAR RANNSÓKNIR

Það er venja í lok þessarar skýrslu að drepa á rannsóknaverkefni sem framundan eru. Í vor mun væntanlega unnið að íssjármælingum á Skeiðarárjökli með tilstuðlan Vegagerðar og Landsvirkjunar. Um er að ræða 1500 km² svæði og að loknum þeim mælingum verður Vatnajökull allur mældur að undanskildum Örafajökli, litlu svæði norðan við Esjufjöll og smájöklu sem falla austur frá Breiðubungu. Langjökull verður þá einn eftir af stóru jöklunum. Að lokinni kortagerð af þessum jöklum mun íssjármælingum væntanlega beint að könnun á útbreiðslu öskulaga í jöklum til þess að kanna afkomu jöklanna frá því öskulögin féllu. Þá kann einnig að koma að því að borað verði til botns í einhvern stóru hveljöklanna, m.a. til þess að kanna öskulög og fræðast um eldvirkni og aldur jöklanna. Á næstu árum munu aukast hér á landi mælingar á afkomu jökla og skriði íss nið-

ur að jökulsporðum, auk jökulleysingar og sjálfvirkar veðurathugunarstöðvar verða settar á jökulsker. Kæmi vel til greina að þær yrðu við alla skála félagsins. Þessar rannsóknir munu tengjast auknum áhuga manna á áhrifum loftslagsbreytinga á afkomu jökla um allan heim.

Í Grímsvötnum er á næstu árum stefnt að auknum borunum með bræðslubor gegnum íshelluna og ýmsa sigkatla til þess að mæla hitastig og efnasamsetningu vatns. Það yrði til aukins skilnings á jarðhitasvæðum undir jökli og eðli jökulhlaupa. Þá er rætt um að hefja samfelldar mælingar á vatnshæð Grímsvatna með því að koma fyrir þrýstingsmælum á botni þeirra. Niðurstöður yrðu sendar með fjarskiftum upp á Grímsfjall og síðan til byggða.

Þá vil ég geta þess að í ágústmánuði næstkomandi verður hér á landi vinnufundur um líkangerð af jöklum á vegum Vísindastofnunar Evrópu, sem hefur aðsetur í Strasbourg. Einnig er fyrirhugað að halda hér alþjóðlega ráðstefnu um rof jökla árið 1995. Þá verða 100 ár frá fæðingu Jóns Eypórssonar, stofnanda og fyrsta formanns þessa félags. Færi vel á að minnast þess með slíkri ráðstefnu.

BREYTINGAR Í STJÓRN FÉLAGSINS

Sveinbjörn Björnsson, varaformaður félagsins, hefur beðist undan endurkosningu í stjórn vegna anna sem rektor Háskóla Íslands. Hann var formaður félagsins 1986-89, hefur verið varaformaður frá 1989, var ritstjóri Jökuls, 1967-1977. Sveinbjörn tók við Jökli af Jóni Eypórssyni, dauðvona, hélt uppi ritinu í áratug og ég veit að til þess þurfti hann oft að endurskrifa fyrir höfunda fjölmargar greinar í hverju hefti. Hann tók við félaginu af Sigurjóni Rist, heilsutæpum, þegar enginn annar fékkst til þess og stýrði því meðan það var að ná áttum eftir að brautryðjendur höfðu fallið frá eða látið af störfum. Það hefur verið okkur mikill styrkur að hann hefur setið sem varaformaður eitt kjörtímabil eftir að hann lét af formennsku. Hann hefur gert það sem hann hefur verið beðinn um. Hann situr nú í valnefnd og ég vona að svo geti orðið áfram. Fyrir hönd félagsmanna færi ég Sveinbirni þakkir fyrir ómetanlegt starf fyrir Jökларannsóknafélag Íslands.

Helgi Björnsson